

H(2) Iðnaðarmenn, sbr. flokk D, sem vinna í iðngrein sinni.

Mánaðarlaun 145.000 kr.

Árslaun 1.800.000 kr.

H(3) Ófaglærðir starfsmenn.

Mánaðarlaun 90.000 kr.

Árslaun 1.080.000 kr.

Reykjavík, 8. janúar 2001.

Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Dalabyggð.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Dalabyggðar þann 16. janúar 2001 deiliskipulag frístundabyggðar í landi Snóksdals II, Dalabyggð.

Deiliskipulagið hefur verið kynnt Skipulagsstofnun og hlotið meðferð skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Búðardal, 17. janúar 2001.

Einar Mathiesen sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um niðurlagningu sjóða.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 6. gr. laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988, hefur dómismálaráðherra lagt niður eftirtalda sjóði og stofnanir að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar:

Nr. í sjóða- skrá	Heiti	Dagsetning staðfestingar
4	Gjöf Þorláks biskups Skúlasonar	01.07.1663
5	Minning Magnúsar Jónssonar	04.06.1667
11	Kotmýrar, Gjafasjóður Jóns Benediktssonar	25.09.1775
13	Gjöf Davíðs Scheving, sýslumanns	15.02.1792
15	Amtmannsgjöf til Vindhælishrepps	30.09.1797
18	Meyjarland í Skagafirði	23.10.1816
20	Eldgosasjóður Eyjafallahrepps	07.05.1825
22	Neyðarforðastiptun Hrunamannahrepps	27.08.1828
24	Framfaraskiptun sr. Ólafs og Jóhönnu Sívertsen	03.10.1834
26	Verðlaunasjóður Guttorms Þorsteinssonar prófests	29.12.1837
37	Gjöf Einars Sigurðssonar	08.08.1854